



Apæna Skemmtiferðaskipið Apæna með tæplega 400 farþega lagðist að Miðbakkannum í Reykjavík í gærmorgun.

Apæna fyrst til Reykjavíkur í ár

● Um 400 ferðamenn með skipinu

Skemmtiferðaskipið Apæna lagðist að Miðbakkannum í Reykjavík í gærmorgun og þar með hófst árlegur kafli í komu ferðamanna til landsins.

Í sumar eru bókaður 67 komur skemmtiferðaskipa til Reykjavíkur með um 70.000 farþega. Stærstu skipin í ár eru Crown Princess og Emerald Princess. Þau eru um 116.000 brt. og taka liðlega 3.000 farþega hvort. Apæna er liðlega 16.000 brt. og er með tæplega 400 farþega að þessu sinni.

Apæna fór frá Reykjavík áleiðis vestur um land í gærvöldi, verður á Ísafirði í dag og Akureyri á morgun. Annars liggja 18 skemmtiferðaskip með yfir 21.000 farþega við bakka í Reykjavík yfir nótt í sumar, en að öðru leyti koma skipin yfirleitt

snemma að morgni og fara að kvöldi sama dags.

Farþegar og hófnýta tímann í landi gjarnan vel. Agúst Ágústsson, markaðsstjóri Faxaflóahafna, segir að alltaf séu skipulagðar ferðir af ýmsum toga í boði auk þess sem ferðamennirnir skoði sig um á eigin vegum í nærumhverfinu.

Eðlilega skilja farþegarnir eftir meiri pening eftir því sem dvölin er lengri. Samkvæmt könnun meðal farþega skipa sem komu til Reykjavíkur, Akureyrar og Seyðisfjarðar 2009 skilduðu farþegar og áhafnir þessara skipa samtals um 2,5 milljarða króna tekjum í þjóðarþið. Á landsvísu færðu skipakomurnar um 3,5 milljarða króna í tekjur. steinthor@mbi.is

Evra þremur árum eftir aðild

● Eiginlegar viðræður hefjast í lok júní

Hvert skref til nánara samstarfs við Evrópu hefur fært Íslendingum bætt lífskjör og í þeim ríkjum sem nýverið hafa gengið í ESB hafa fjárfestingar nær því tvöfaldast.

Þetta var meðal þess sem kom fram í ræðu utanríkisráðherra, Óssur Skarphéðinssonar, á Alþingi í gær þegar hann lagði fram skýrslu um helstu verkefni utanríkisþjónustunnar síðastliðna tólf mánuði. Í máli ráðherra kom einnig fram að það væri mat helstu sérfræðinga að Ísland gæti tekið upp evruna þremur árum eftir að ESB-aðild yrði samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu en stefnt er að því að hefja eiginlegar aðildarviðræður í lok júní.

Bauð Ashtiani hæli á Íslandi

Í ræðu sinni fjallaði utanríkisráðherra einnig um málefni Líbú og sagði aðgerðir Atlantshafsbandalagsins hafa komið í veg fyrir stig-mögnun átakanna og það væri stefna íslenskra stjórnvalda að ályktun 1973 veitti ekki heimild til að ráða einstaklinga af dögum. Því hefði Ísland verið meðþytjandi að tillögu um rannsókn Alþjóðaglaðapá-dómstólsins, sem var grundvöllur



Óssur Skarphéðinsson

þeirra kæru sem birt var á hendur Mítammar Gadda í gærmorgun.

Þá ítrekaði ráðherra stuðning við ótvíráðan rétt Palestínua-manna til að búa í friði í eigin landi. Hann sagði einnig frá því að hann hefði í við-ræðum við fulltrúa stjórnvalda í Ír-an boðið Ashtiani, konunni sem komst í heimsréttirnar eftir að hafa verið dæmd til að vera grýtt til dauða fyrir framhjáhald, hæli á Ís-landi.

Í skýrslunni sem ráðherra lagði fram er einnig fjallað um framlag Íslands til baráttunnar gegn fátækt og hungri í heiminum en í henni kemur fram að samkvæmt áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu Ís-lands árin 2011-2014 er gert ráð fyrir að framlög Íslands til þróunar-mála fari stígvaxandi næstu árin og verði orðin 0,7% af vörgrí þjóðar-framleiðslu árið 2021.

holmfridur@mbi.is

Andlát

Guðjón Þ. Andrésson

Guðjón Þorberg Andrésson, fyrrverandi for-stöðumaður og öku-kennari, er látinn, 78 ára að aldri. Guðjón lést á Landspítalanum við Hringbraut að kvöldi föstudagsins 13. maí síðastliðins.

Guðjón fæddist að Rauðarfelli undir Austur-Eyjafjöllum þann 29. mars 1933. Hann var sonur hjónanna Andr-éssar Andréssonar, bónda í Berjanesi, og Mörtu Guðjónsdóttur.

Guðjón ólst upp við öll almenn sveitastörf að Berjanesi undir Austur-Eyjafjöllum og var ungur á vertíð-um í Vestmannaeyjum þar sem hann lauk skipstjórnafrófi. Hann flutti til Reykjavíkur rúmlega tvisgur að aldri, starfaði á Keflavíkurlúgsvelli og ók síðan leigubíurum um langt ára-bil, fyrst hjá BSR, og síðar Hreyflí.



Þá starfrækti Guðjón verustunina Sportbæ í Bankastræti á fyrri helmingi áttunda ára-tugarins.

Guðjón tók ungur próf til öðukennslu og sinnti öðukennslu um langt árabil. Hann var forstöðumaður Bif-reiðaprófa ríkisins um skeið, sat einnig í stjórn Öðukennarafélags Ís-lands og var heið-ursfélagi þess.

Hann sat í Um-ferðarráði og hafði um-talsverð áhrif á lög og reglugerðir um öðukennslu og fólksflutninga. Þá var Guðjón einn af stofnum Borgara-flokksins og sat í ýmsum nefndum og ráðum á vegum flokksins.

Eftirlifandi eiginkona Guðjóns er Árna Steinunn Rögnvaldsdóttir og eru börn þeirra fjögur, Steinar Þór, Hilmar, Marta og Raggý.

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. maí 2011, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2011 og önnur gjaldfallin álgöð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 16. maí 2011, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launa-skatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukað-lagningu söluskatts vegna fyrri tímabíla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjó-manna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutæk-um, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrann-sóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álgöð-um þing- og sveitarstöðgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sér-stakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekju-skattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldr-aðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, of-greiddar vaxtabætur og útværpsgjald.

Fjármáns verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eft-irstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuld-arinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjármámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjár-nám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk út-lagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, aðregginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af öku-tækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lög-veð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrr-greindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum til-vikum.

Reykjavík, 17. maí 2011

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði

Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmevík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði

Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmanna-eyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli